


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Lyfjafræði LYFJ2LS05 FJARNÁM Námsáætlun vorönn 2018	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	María Albína Tryggvadóttir (maria@vma.is)	Sk.st.	MAL
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið í lyfjaskrár, ATC-flokkunarkerfi lyfja, geymslu og fyrningu lyfja, lyfjaform og ýmsar skilgreiningar sem tengjast lyfjum. Farið er í helstu lyf sem notuð eru við hjarta- og æðsjúkdómum, geðsjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum, húðsjúkdómum, sykursýki, verkjum og svefnvandamálum. Eins er minnst á sýklalyf, meltingarfæralyf og lyf við Alzheimer sjúkdómi. Fjallað er um lyf og lyfjaflokka, verkun lyfja, aukaverkanir, milliverkanir og helmingunartíma lyfja. Farið er almennt í lyfjaskrár og notkun á þeim.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu sérlyfjaskrár
- ATC-flokkunarkerfi lyfja
- ýmsum algengum skilgreiningum sem tengjast lyfjum
- hugtökum sem notuð eru varðandi frásög, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja
- helstu lyfjaformum, kostum þeirra og göllum
- áhrifum hjarta- og æðsjúkdómslyfja, geðlyfja, öndunarfæralyfja, húðlyfja, sykursýkislyfja, verkjalyfja og svefnlyfja
- helstu flokkum lyfja við Alzheimer sjúkdómi og áhrifum sýkla- og meltingarfæralyfja
- helstu auka- og milliverkunum ofangreindra lyfja
- blóðþéttmikúrfum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita að upplýsingum um lyf á netinu
- flokka sérlyf eftir ATC-flokkunarkerfinu
- reikna út helmingunartíma lyfja
- aðstoða skjólstæðinga við notkun á ýmsum lyfjaformum, þar sem við á

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- miðla algengum upplýsingum um ofangreind lyf til skjólstæðinga þar sem við á
- átta sig á tengslum aukaverkana lyfja við verkun þeirra
- sýna skilning á verkun ofangreindra lyfja með tilliti til verkunarmáta þeirra

Námsgögn:

Bók: Lyfjafræði 103, hefti eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur. Reykjavík 2012 eða nýrri.

Annað: Etv. greinar sem tengjast efni áfangans.

Ýmsar vefsíður er tengjast efni áfangans

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Lyfjafræði LYFJ2LS05 FJARNÁM Námsáætlun vorönn 2018	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsmatsþættir:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar		Vægi
Kafla verkefni	Spurningum svarað úr hverjum kafla		10 %
Annarpróf	Á moodle		10 %
Sérlyfjaskrá	Eitt verkefni unnið upp úr sérlyfjaskrá		5 %
Útdráttur	Verkefni unnið upp úr fræðigrein		5 %
Lokapróf	Skriflegt lokapróf í desember		70 %
	Samtals:		100%
Annað: Ná þarf 4 á lokaprófi til þess að aðrir námsmatsþættir gildi til lokaeinkunnar.			

Yfirferð námsefnis:

Lotur	Námsefni	Lesefni og námsmat
1. lota.	Kynning á áfanganum, námsefni og fyrirkomulag. Almenn verkun / staðbundin verkun / lyfjagjafir / lyfjaform. Helstu grunnhugtök tengd lyfjafræði. Sérlyfjaskrá- Aldraðir og meðferðarheldni.	1.-3. kafli Verkefni – vikulega Verkefni úr sérlyfjaskrá
2. lota.	Maga og þarmalyf Verkjalyf / bólgueyðandi lyf	4-5. kafli Verkefni-vikulega Miðannarpróf
3. lota.	Öndunarfæralyf Húðlyf Róandi lyf / svefnlyf / geðdeyfðarlyf / sefandi lyf	6-8. kafli Verkefni-vikulega Útdráttur úr grein
4. lota.	Lyf við hjarta- og æðasjúkdómum Sykursýkislyf Undirbúningur fyrir próf	9-10. kafli Verkefni-vikulega

Kennari áskilur sér rétt til að gera breytingar á námsáætlun.

Dagsetning: 18.1.18

María I
Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils